

Álit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur að beiðni utanríkismálanefndar, dags. 17. nóvember 2010, tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (119. mál).

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings eða breyting á honum kallar á lagabreytingar hér á landi.

Með þingsályktunartillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuíðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB.

Markmið með tilskipun 2006/21/EB er að setja reglur um meðhöndlun úrgangs frá námuíðnaði og fjallar hún einnig um gerð úrgangsaætla, starfsleyfi, fjárhagslega ábyrgð og fleira. Einnig breytir gerðin tilskipun 2004/35/EB um umhverfisábyrgð þannig að námuíðnaði er bætt inn í viðauka III í þeirri tilskipun. Tilskipun 2006/21/EB gildir ekki um annan úrgang en þann sem stafar beint af námuvinnslu né heldur um úrgang frá námuvinnslu af landi (hafsbotni). Almennt gildir að úrgang frá námuíðnaði skal meðhöndla á þann hátt að hann hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfi. Framkvæmdaraðili eða sá sem ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs frá námuíðnaði skal sjá til þess að áhrif úrgangs frá námuíðnaði byggist á bestu fánlegu tækni, skylt er að gera úrgangsaætlun sem miðar að því að lágmarka úrgang og ákveða meðhöndlun, endurnýtingu eða förgun á námuúrgangi og hafa skal sjálfbærni í huga við áætlanagerð. Tilskipunin gerir einnig þær kröfur að almenningur skuli vera upplýstur um hvar hefur verið sótt um leyfi til urðunar eða geymslu námuúrgangs og hafi möguleika á að gera athugasemdir. Jafnframt eru sett ýmis önnur ákvæði varðandi námuúrgangsstaði, t.d. ákvæði um flokkun þeirra, hönnun, að stjórnun sé í höndum þjálfaðra aðila, ákvæði um eftirlit með starfsemi, lokun og vöktun eftir lokun.

Vegna innleiðingar gerðarinnar þarf að breyta lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Setja þarf inn ákvæði m.a. um að framkvæmdaraðilar skuli gera úrgangsaætlanir og skilgreina nánar hvenær námur þar sem úrgangur er meðhöndlaður eru flokkaðar sem urðunarstaðir. Í kjölfar lagabreytinga þarf að setja nýja reglugerð um úrgang frá námuíðnaði eða breyta reglugerð um meðhöndlun úrgangs. Einnig þarf að breyta fylgiskjali I í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, þannig að námuúrgangsstaðir séu þar tilgreindir.

Við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að engin starfsemi á Íslandi fellur undir gildissvið tilskipunarinnar. Hins vegar telur nefndin mikilvægt að reglur þær er fram koma í tilskipuninni séu til staðar ef upp koma þær aðstæður í framtíðinni að starfsemi sem fellur undir gildissviðið hefst hér á landi.

Nefndin hefur fjallað um málið og tekið afstöðu til þingsályktunartillögunnar. Er niðurstaða nefndarinnar að leggja til að utanríkismálanefnd samþykki tillöguna án breytinga.

Alþingi, 10. desember 2010.

Mörður Árnason, form.,
Ólína Þorvarðardóttir,
Birgir Ármannsson,
Álfheiður Ingadóttir,
Vigdís Hauksdóttir,
Skúli Helgason.